

Nd.

11. Frumvarp til laga

[11. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Guðmundur Jónasson.

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Aðstöðugjald skal vera sem hér greinir:

- a. ½% af: Rekstri fiskiskipa og flugvéla. Landbúnaði. Verzlun með kaffi, sykur og kornvöru til manneðis í heildsölu. Matvöruverzlun í smásölu. Verzlun með veiðarfæri, önnur en sportveiðitæki, fódurvörur, tilbúinn áburð (Áburðarverk-smiðjan er þó undanþegin aðstöðugjaldi). Kjöt- og fiskiðnaði. Endurtryggingum.
- b. 1% af: Rekstri farþega- og farmskipa. Sérleyfisbifreiðum. Matsölu. Vátryggingum ót. a. Útgáfustarfsemi (útgáfa dagblaða er þó undanþegin aðstöðugjaldi). Verzlun ót. a. Iðnaði ót. a. Annarri gjaldskyldri starfsemi ót. a.
- c. 1½% af: Sælgætis- og efnagerðum. Ól- og gosdrykkjagerðum. Gull- og silfur-smíði. Hattasaumi. Rakara- og hárgreiðslustofum. Leirkerasmíði. Ljósmyndun. Myndskurði. Verzlun með gleraugu, kvenhatta, sportvörur, hljóðfæri, snyrti- og hreinlætisvörur. Lyfjaverzlun. Kvikmyndahúsum. Fjölrítun. Persónulegri þjónustu.
- d. 2% af: Skartgripa-, skrautmuna- og minjagripaverzlun. Tóbaks- og sælgætis-verzlun. Söluturnum. Blómaverzlun. Umboðsverzlun. Listmunagerð. Börum. Billjardstofum.

Nú er notuð heimild 34. gr. laganna til að hækka álögð útsvör um allt að 5%, og skal þá bæta jafnháum hundraðshluta við álögð aðstöðugjöld.

2. gr.

Í stað „20“ í síðari málsgrein 34. gr. laganna komi: 5.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í nokkur ár hefur verið heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga til að leggja á svonefnd aðstöðugjöld. Allir kaupstaðirnir, kaupstúnahreppar og fleiri sveitarfélög hafa notað þessa heimild. En sá stóri galli fylgir lögunum, eins og þau hafa verið framkvæmd, að aðstöðugjöldin koma mjög misjafnlega þungt á gjaldendur eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu. Veldur þetta óþolandi ranglæti.

Hér skulu nefnd fáein dæmi, sem sýna þetta.

Á árunum 1966 og 1967 voru aðstöðugjöld á matvöruverzlunum í Reykjavík og Kópavogi 0.5% af viðskiptaveltunni. Í 7 öðrum kaupstöðum og kaupstúnahreppum voru gjöldin á slíkum verzlunum 1%, eða 100% hærri. Í 16 kaupstöðum og kaupstúnum nam álagningin á matvöruverzlanirnar frá 1.2 til 1.7% og var þannig 140—240% hærri en í Reykjavík og Kópavogi. Og dæmi má finna um það, að aðstöðugjöldin á matvöruverzlunum voru 2%, eða 300% hærri en í áður nefndum kaupstöðum við Faxaflóa.

Aðstöðugjöldin hvíla einnig misjafnlega þungt á iðnaðarfyrirtækjum, þó að munurinn sé þar ekki eins stórkostlegur. Í Reykjavík og á 8 öðrum stöðum var álag-

ingin á flest iðnaðarfyrirtæki, að undanskildum þeim, sem reka kjöt- og fiskiðnað, 1% árin 1966 og 1967, en á 13 öðrum stöðum var álagning á slík fyrirtæki 1.5%, eða 50% hærri.

Háu aðstöðugjöldin, sem lögð eru á nauðsynjavöruverzlanir víða um land, bitna vitanlega á því fólki, sem þar býr.

Hvers á það fólk að gjalda, sem er látið borga allt upp í 300% hærri opinber gjöld en lögð eru á aðra?

Á að halda áfram að refsa þeim, sem enn halda tryggð við hinar fámennari byggðir í stað þess að flytjast í fjölmennið á suðvesturhorni landsins?

Hvað mundu menn segja um misháa tolla?

Hvernig yrði því tekið, ef ákveðið væri að innheimta mismunandi há aðflutningsgjöld af innfluttum vörum eftir því, til hvaða verzlunarstaðar þær væru fluttar frá útlöndum? En segja má, að það væri sama aðferðin og nú er beitt við álagningu aðstöðugjaldanna. Aðstöðugjöldin leggjast á vörurnar með sama hætti og tollarnir til ríkisins.

Starfsemi atvinnujöfnunarsjóðs og áætlanir um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs á vissum landssvæðum koma að takmörkuðum notum, ef haldið verður áfram að leggja marfalt hærri opinber gjöld á fólkið á þessum svæðum heldur en á þá, sem í þéttbýlinu búa.

Ranglætið, sem framkvæmd laganna um aðstöðugjöld veldur nú, þarf að afnema.

Hér er því lagt til, að sömu reglur um álagningu aðstöðugjalda skuli gilda um land allt.

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga er sveitarstjórnunum veitt leyfi til að hækka álögð útsvör um allt að 20%, ef þær telja þess þörf, og hafa ýmsar sveitarstjórnir notað þessa heimild að fullu. Þykir mörgum, sem fyrir þessu verða, illt undir að búa, og samband sveitarfélaganna mun hafa ályktað, að nema þurfi þessa heimild úr lögum, eða a. m. k. að takmarka hana verulega. Í frv. þessu er lagt til, að ekki verði heimilt að hækka útsvörin um meira en 5% frá þeim gjaldstiga, sem er í lögum. Til samræmis er einnig lagt til, að leyfilegt skuli að bæta 5% við álögð aðstöðugjöld, ef þess er talin þörf. Slíkt álag á gjöldin er hægt að þola, þó að 20% álag á útsvör og þó einkum hin gífurlega háu aðstöðugjöld, sem nú eru víða lögð á, geti orðið til þess að fæla menn frá búsetu og atvinnurekstri á vissum stöðum.

Ef álögð gjöld samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga, að viðbættu 5% álagi á útsvör og aðstöðugjöld, reynast ekki fullnægjandi til að mæta óhjákvæmilegum útgjöldum einhverra sveitarfélaga, eiga þau að fá framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Tillögurnar um aðstöðugjöldin í 1. gr. frv. eru að verulegu leyti gerðar eftir þeim reglum, sem farið var eftir við álagningu gjaldanna í Reykjavík á þessu ári.

Fylgiskjal.

Reglur um álagningu aðstöðugjalda í Reykjavík árið 1967.

- 0.5% Rekstur fiskiskipa og flugvéla. Matvöruverzlun í smásölu. Kaffi, sykur og kornvara til manneldis í heildsölu. Kjöt- og fiskiðnaður. Endurtryggingar.
- 1.0% Rekstur farþega- og farmskipa. Sérleyfisbifreiðir. Matsala. Landbúnaður. Vátryggingar ót. a. Útgáfustarfsemi. Útgáfa dagblaða er þó undanþegin aðstöðugjaldi. Verzlun ót. a. Iðnaður ót. a.
- 1.5% Sælgetis- og efnagerðir, öl- og gosdrykkjagerðir, gull- og silfursmíði, hatta- saumur, rakara- og hárgreiðslustofur, leírkerasmíði, ljósmyndun, myndskurður. Verzlun með gleraugu, kvenhatta, sportvörur, hljóðfæri, snyrti- og hreinlætisvörur. Lyfjaverzlun. Kvikmyndahús. Fjölrítun.

2.0% Skartgripa- og skrautmunaverzlun, tóbaks- og sælgætisverzlun, söluturnar, blómaverzlun, umboðsverzlun, minjagripaverzlun. Listmunagerð. Barar. Billjardstofur. Persónuleg þjónusta. Enn fremur hvers konar önnur gjaldskyld starfsemi ót. a.